

NOKKRAR RÆÐUR OG ÁVÖRP.

1.

## KVEDJA TIL NOREGS.

Í dag eru liðin 130 ár síðan Norðmenn eignuðust 17. maí:  
"Den velsignede blandt Dageŕ".

"Vér höfum ákveðið að hætta á allt og fórna öllu til þess  
að halda uppi sjálfstæði Noregs".

Í þessum orðum birtist hin háleita hugsjón 17. maí. Það  
er þessi hugsjón sem jafnan síðan hefir lýst upp veginn  
og varnað því að vetrarmyrkrin viltu norsku þjóðina að  
réttri braut. Það er vegna þeirra fórna, sem norskt þrek  
og karlmannslund síðustu árin hefir fært þessari hugsjón  
að aldrei hefir birtuna og ljómann af norskum heiðri borið  
viðar en eimitt í dag.

Eftir þriggja ára útleigð frá ættjörð sinni lýsti Nygaardsvold,  
forsætisráðherra Norðmanna, gerræði nasista þannig:

"Að hætti þjófa og ræningja réðst erlent stórveldi - Þýzka-  
land - inn í land vort að næturlagi og brenndi og svívirtí,  
myrti og stal um landið þvert og endilangt".

Í sama mund mælti konungur Norðmanna:

"Sigurinn er enn ekki unnin, en enginn okkar er í minnsta  
vafa um hver endirinn verður".

Sem vænta mátti fara báðir þessir öndvegismenn norsku þjóðarinnar rétt með, Vart hefur nokkru sinni fyrr alsaklaust varnarlítil menningarþjóð sætt jafn óverðskulduðu, æðisgengnu og miskunnarlausu ofbeldi sem Norðmenn nú. Og sjaldan hefur áður stalbrynjað ofur eflíkúgarans staðið jafn ráðþrota gegn trúnaði við háleitar hugsjónir sem þýzki nasisminn nú gerir eftir 4 ára baráttu við brennandi og máttuga föðurlandsins ást og ósigrandi frelsisþrá Norðmanna.

-----

17. maí, dagur vorsins, er upp runninn; Dytur laufsins, kliður fuglanna bæðar nýtt vor í lífi norsku þjóðarinnar, en þungur niður leysinga-elfunnar gelur kúgaranum dauðaspána. Heima í Noregi býr þjörkuð þjó, en ekki sigruð. Í útleigðinni dvelja margir hennarágætustu sýnir. En allir sannir Norðmenn, hvar í heimi sem þeir eru staddir sameinast í baráttunni fyrir fresli ættlandsins og eiga í sál sinni dýrmæta von og vissu þess að brátt skín sól frelsisins og fullveldis að nýju yfir bjartan jökulfald hins stórbrotna og fagra föðurlands þeirra.

0-----

Íslendingar geta deilt við Norðmenn, svo sem bræður má henda. En enginn misþyrmir Norðmönnum án þess með því að baka sér fjandskap Íslendinga. Engin þjóð er Íslendingum jafn nátengd sem Norðmenn. Enginn skilur þá betur en við og enga skiljum við betur en þá. Þess vegna svellur okkur harmur í brjósti, þegar við hugsum til þess sem þeir hafa þurft að þola. En einnig þess vegna miklumst við nú af afrekum þeirra og fögnum yfor sigurvissunni sem í hjörtum okkar býr.

Við Íslendingar óskum þess heitt og hjartanlega að norska þjóðin megi sameinuð heilsa næsta 17. maí í heimahögunum og að Norðmönnum auðnist að sveipa endurminninguna um þrengingar síðustu ára hjúpi réttláts metnaðar og gleði yfir að hafa:

"ákveðið að hætta á allt, þola allt og fórnna öllu til þess að halda uppi sjálfstæði Noregs" -

og sigrað.

Mbl. 17. maí 1944.



## 2.

VÉR ÞÖKKUM STÓRHUG OG ÁRÆÐI HINNAR NÆJU LAND-  
NÁMSALDAR. GLÆSILEG SAGA HINS 10 ÁRA  
ÍSLENZKA LÝÐVELDIS.

Háttvirtit áheyrendur:

Í dag eru 153 árliðin frá því að fæddur var ástmögur Íslands, Jón Sigurðsson, sómi landsins, sverð og skjöldur. Hann var áhrifaríkastur og valdamestur Íslendinga sinnar samtíðar, völdugri en nokkur Íslendingur nokkru sinni hefur verið eða líklegt má teljast að verða muni. Völdin þáði hann í vöggugjöf með náðargáfunum og mun halda þeim í ríkum mæli meðan íslensk saga og tunga lifa vegna afreka sinna og þess einstaka forðamis er hann með lífi sínu og starfi hefir gefið öllum þeim, sem þrá að þjóna ættjörðinni af hug og hjarta.

Þessi maður var búin flestum þeim kostum, sem prýða mega leiðtogann og alla þessa kosti hagnýtti hann til hins ýtrasta frá æsku til andláts í þágu Íslands.

Ungur að árum hóf hann að rannsaka frumheimildir að sögu þjóðarinnar. Vísindaafrek hans ein myndu endast honum til langlífis í sögu Íslands, en hafa þó horfið sjónum flestra í skugganum af stjórnmálaafrekum foringjans mikla.

-----

Jón Sigurðsson fann að sjálfsögðu margt nýtt í fylgsnum sögunnar. Vopnaður rökum sögunnar hóf hann baráttuna við Dani. Einráður og hreinskiptinn, krafðist hann fulls stjórnskipulegs frelsis Íslendingum til handa, og lét sig aldrei skifta hvort Dönnum líkaði betur eða verr. Í þessari baráttu vann Jón Sigurðsson stóra sigra og lagði grundvöllinn að öllum síðari sigrum í frelsisbaráttunni, og þá einnig vegna þess að hann skildi til hlítar nauðsyn þess að samfara hinni pólitísku baráttu yrði þjóðin vakin úr <sup>löngu</sup> svefnmóki vesældar og fátæktar og leidd inn á braut alhliða framfara á sviði atvinnu- lífsins og jafnframt kveiktur og glæddur kyndill mennta og menningar, sjálfstrausts og metnaðar.

Fróðir menn telja að frá landnámstíð og fram á þennan dag, sé tala þeirra sem fæðst hafa á Íslandi og náð fullorðins aldri ekki yfir tvær milljónir. Að slíkur foringi sem Jón Sigurðsson var - maður, sem í öllu stenzzt samanburð við mikil-menni veraldarsögunnar - skuli hafa verið gefinn svo fámennri þjóð, er einstakt lán. En hversu sérstök sú náðargjöf er, skilja menn best, er þess er gætt, að hæpið er að yfirburðir Jóns Sigurðssonar hefðu fengið notið sín neitt svipað, sem raun ber vitni um, ef hann hefði verið uppi á öðrum tíma.

Vér fögnum í dag 10 ára afmæli hins íslenzka lýðveldis. Hefði Íslendingum ekki fæðst Jón Sigurðsson, myndum vér ekki halda þessa hátíð, einfaldlega vegna þess, að þá væri Ísland ekki lýðveldi, heldur sennilega dönsk nýlenda, eða sambandsríki undir yfirstjórn Dana í mörgu, sem mestu varðar. Eru með þessari staðhæfingu ekki vanmetin glæsileg afrek annarra stjórnmalaleiðtoga.



Jóns Sigurðssonar er oft getið. Sögu hans, yfirburði og afrek þekkja þó of fáir. Þá sögu þarf að rita við almennings hæfi, og síðan að kenna hana í öllum barnaskólum landsins.

Ágreiningslaust völdu Íslendingar fæðingardag Jóns Sigurðssonar til endurreisnar lýðveldinu. Meiri sóma getur engin þjóð sýnt syni sínu, Enginn getur verið verðugri slíks sóma en Jón Sigurðsson.

-----

Ég skal ekki að þessu sinni ræða frelsisbaráttuna eftir fullveldisviðurkenninguna 1918, enda kynni það að meiða einhver. Sagan dæmir á sínum tíma. Ég leyfi mér þó að staðhæfa, að lokasporið, endurreisn lýðveldisins 17. júní 1944, er miklu merkara, en þeir vilja vera láta, sem meira vildu meta tillitsemi í garð Dana og konungs þeirra en að hagnýta fyllsta rétt og fyrsta færi til að endurreisa lýðveldið. Sannleikurinn er sá, að þrátt fyrir fullveldisviðurkenninguna 1918, fóru Danir eftir sem áður með ýms helztu velferðarmál Íslendinga og þ.á.m. utanríkismálin. Hvílk fjarstæða slíkt er, sjá menn best á því, að hugleiða hverjar yrðu undirtektir Íslendinga ef einhver leyfði sér nú að bera fram tillögu um að fela Dönum eða einhverri annarri vinþjóð að fara með utanríkismál Íslands.

Að öðru leiti leiði ég hjá mér umræður um ágreininginn um endurreisn lýðveldisins, en leyfi mér aðeins að láta í ljósi þá skoðun margra mætra Íslendinga, að ef vér hefðum hikað við að hagnýta rétt vörn, þegar eins og vér gerðum, er a.m.k. óvíst hvort lýðveldið væri enn endurreist, eða myndi nokkru sinni verða endurreist.

-----

Svo sem kunnugt er, var komið fram yfir elleftu stundu, þegar Íslendingar náðu allsherjar samkomulagi um endurreisn lýðveldisins. En þá var líka vel og drengilega unnið. Vart

mun nokkru sinni nokkur frjáls þjóð hafa sýnt svo mikinn einhug við þjóðaratkvæðagreiðslu, sem Íslendingar þá gerðu, er meir en 98% kjósenda mættu við kjörborðið og nær allir kröfðust endurreisnar lýðveldisins, Þá voru miklir sólskinsdagar í lífi Íslenzku þjóðarinnar. En þó var það í vændum sem meira var og gleðiríkara, - sjálf endurreisnin.

Hinn 17. júní 1944 söfnuðust menn saman á Lögbergi hinu forna og voru þar saman komnir tugir þúsunda. Hin stóra stund nálgast. Dagurinn, sem markaði aldhvörf í sögu þjóðarinnar var upp runninn. Og nú sáu margir rætast helgustu hugsjón sína, einlægustu og hjartfólgnustu óskina uppfyllast.

Það var víst úrhellisrigning og slagviðri. Fæstir munu hafa veitt því eftirtekt. Menn litu ekki undan óveðrinu, fólkíð hamaði sig ekki. Allir voru háleitir, vegna þess að þeir fundu til helgi og mikilleik athafnarinnar. Í hjarta hvers einasta manns logaði heilagur eldur. Þeir voru áreiðanlega margir, sem þá fundu návist Guðs vors lands, þökuðu honum af hræðu hjarta og hétu trúmennsku í starfi meðan æfin entist. Hátíðin á Þingvöllum 17. júní 1944 og dagurinn eftir í Reykjavík mun engum gleymast sem þar var.

-----

Þá daga unnu menn heitin. Nú var lokið baráttunni við Dani. Nú hófst baráttan fyrir því að varðveita dýrmetasta hnossið sem nokkur þjóð getur eignast, frelsið og fullveldið.

Í dag fögnum vér 10 ára æfi hins endurreista lýðveldis. Í dag spyrjum vér sjálfa oss: Höfum vér efnt heit vor? Og enn spyrjum vér: Hvað ver framtíðin í skauti sínu?

Í ræðu sem flutt var hér áðsvölum Alþingishússins á árs-  
hátíð lýðveldisins hinn 17. júní 1945, var komist svo að  
orði:



"Þessi dagur minnir oss á að án baráttu vinnst enginn sigur".

.... "Aðrar þjóðir hugsa nú til hreyfing. Rás framfaranna mun á næstunni verða hröð. Oss ríður á að skilja, að ef vér stöndum í stað hellumst vér úr lestinni. Ef vér höfðum baráttunni veljum vér dauðann. Þess vegna ber oss að sækja fram".

-----

Íslendingar hafa sótt fram síðasta áratúginn. Verklegar framkvæmdir hafa aldrei frá landnáms tíð verið jafn risavaxnar, og það ekki þótt miðað sé við allar aðstæður, nema ef til vill fyrsta áratuginn eftir að stjórnin fluttist inn í landið og naut við forystu hins mikla leiðtoga Hannesar Hafstein. Hafa alls fimm stjórnir setið að völdum frá því í október 1944, og bjartarsýni beitt sér fyrir alhliða framförum. Var fyrst hafist handa um endurnýjun og risavaxna aukningu þeirra framleiðslu- og samgöngutækja, sem nauðsynlegust voru til að auka þjóðartekjurnar, og skapa með því ný skilyrði fyrir stórbættri afkomu alls almennings í landinu.

Síðan sneru menn sér að þeim framkvæmdum, er veittu aukin lífshæðindi. Þannig hefur jafnt kaupskipa- sem fiskiflotinn verið margfaldaður, verksmiðjuafköst til vinnslu sjávarafllans nær fjórfölduð, margvíslegur nýr iðnaður stofnsettur og efldur, jarðrækt aukin hraðar en dæmi eru til o.s.frv. Jafnframt þessu hafa Íslendingar sýnt vilja sinn og getu til að tryggja hag fátækra sjúkra og almæðra, er þeir settu sér tryggingalöggjöf, sem mun vera fullkomlega sambærileg við löggjöf þeirra þjóða sem lengst eru komnar í þessum efnem. - Og enn var sett ný fræðslulöggjöf, sem sýnir vilja þjóðarinnar til að efla menntun í landinu, þótt löggjöf þessi sé umdeild og standi væntanlega til bóta. En á því ríður mikið, að menn skilji, að eins og tæknin getur ekki komið í stað vinnusemi og atorku, jafnast heldur enginn skóli á við lífsins skóla. Enn ber að nefna hin miklu mannvirki, Sog, Laxá, Áburðarverksmiðjuna, þótt vér þar höfum notið mikillar fjár-



hagsaðstoðar vana vorra, Bandaríkjamanna. Þá er og verið að vinna að byggingu sementsverksmiðju og standa góðar vonir til að brátt verði hafist handa með fullum hraða.

-----

Og loks hefur nú verið tekin ákvörðun um fæfæðingu dreifbýlisins, og mun til þess verið ekki minna en 250 - 300 milljónum króna á næsta áratug. Er það mikið gleðiefni. Engin þörf er nú jafn brýn sem súm að auka lífþægindi fólksins í strjálbýlinu, því án þess verður eigi komið í veg fyrir þá þjóðarógefu, sem leiða mundi enn vaxandi straumi frá sveit á mölina. Þá er enn ógetið hinna miklu fyrirheita núverandi stjórnar um að skapa nýjan grundvöll fyrir aðstoð almenningi til handa, í því skyni að leysa þyngstu þrautina, þá að eignast þak yfir höfuðið. Og nú hefur loksins verið upp tekin ný frelsisstefna í verzlunarmálum, sem margir hafa lengi þráð, barizt fyrir og vænta sér mikils af. Samfara þessu hafa Íslendingar stjórnað utanríkismálum sínum viturlega. Þeir hafa sezt á bekk með fræðisunnandi þjóðum og tekist að skapa sinn sess þannig, að vakið hefur traust og virðingu fyrir vorri fámennu þjóð. Vér höfum í einlægni unnið með þessum þjóðum, en vér höfum líka haft djörfung og dug til að fylgja fram réttmætum hagsmunamálum vorum, þótt mótmælum hafi sætt frá ýmsum þeirra. Allar þessar þjóðir virðum við vel, og metum mikils. En á réttinum stöndum vér, hvort sem þeim fellur miður eða betur. Sem dæmi þess nefni ég landhelgismálið.

Allt þetta og margt annað sýnir að vér höfum viljað efna heit þau er vér gáfum lýðveldinu í vöggugjöf, og tekist það mæta vel í mörgum efnun.

-----

En vér erum þó eigi svo ugglausir sem æskilegt væri. Það stafar af því, að vér þorum enn eigi til fulls að treysta veraldlegum velfarnaði vorum, einkum vegna þess, að mörgum sýnist sem kröfur vorar til lífsins gæða vaxi því örur, sem

sem lífspægindin hafa orðið meiri. Í huga vorum vakna öðru hvoru ýmsar spurningar, sem valda nokkrum óréa og krefjast svars, svo sem:

Hvernig mun þeim farnast, sem nú eru á unglingsárunum og fáu hafa kynnt öðru en velsældinni?

Hvernig fer fyrir 10 alda bændabjóð, þegar hún flýr úr skauti náttúrunnar, hópast saman í steinhús stórborgarinnar og greiðir um alla lífnaðarhætti?

Hversu lengi endist komandi kynslóðin sá dugur og kraftur sem nú býr með oss og vaxið hefur af harðri lífsbaráttu forfeðranna við óblíða nátturu og torsótt gæði, svo að kalla með staf í hendi?

framfíðinni

Skilar borgarbúinn sama atgerfinu, sem sjómaður í árabát-  
num, alinn upp í sambýli við hættuna og dauðann gerði, eða  
bóndinn, sem í senn var járnsmiður, tresmiður, herfi,  
plógur og sláttuvél og jafnvel sín eigin veðurstofa auk  
margs annars?



## 3.

## Á ALDARAFMÆLI VERZLUNARFRELSIS.

Án efa hættir oss Íslendingum til að miklast af fleiru en efni standa til. En ekki er oss þó tíðrætt um það þölgæði og þrautsegju, sem einþennt hefur lífsbaráttu Íslendinga allt frá landnáms tíð. Myndi þó þjóðin ekki vera sjálfstæð mánningarpjóð í dag og raunar ekki þjóð, ef hún hefði eigi verið búin einmitt í þessum kostum í óvenju ríkum mæli.

Ekki er vitað að nokkur önnur þjóð hafi búið í nær 11 aldir svo fámenn og við jafn torsótt gæði í svo stóru landi sem vér höfum gert. Barizt þar við elda og ísa, drepsóttir, sundurlyndi, ófrelsi og erlenda ánauð, en risið síðan upp voldug og sterk, miðað við aðstöðu og mannfjölda, átt sér auð stórra og fagura hugsjóna og athafnaþrá og þrek til að bera þær fram til sigurs.

Íslendingar mega vel miklast af þessu meðan þeir gæta þess að sjálfsdádunun yfir unnum afrekum genginna kynslóða skyggi ekki á skyldu þeirra í nútíð og framtíð gagnvart þeim er þrengingar þoldu.

-----

Ef til vill greinir menn á um, hver af þeim fjendum, er að oss hafa sótt, hafa verið lættulegastúr íslenzku þjóðfrelsi og þjóðlífi. En á því leikur enginn efi, að fátt eða ekkert er á daga vora hefur drifið hefur komist nær því að skapa hér landauðn en verzlunarfrjótrarnir, sem Íslenzka þjóðin var lögð í á öndverðri seytjándu öld og ekki voru afhöggðir að fullu fyrr en rúmlega hálfri þriðju öld síðar, er lög um siglingar og verzlun á Íslandi tóku gildi hinn 1. apríl 1855

og var þó enn fátæktin þjóðinni fjötur um fót.

Um þetta vitnar öll saga Íslendinga.

Hér skal þess ekki freistað að færa rök að þessu, ~~eðna~~ vart að vænta að nokkur reyni til að véfengja það. En nokkrar bendingar um sannleiksgildi þessarar staðhæfingar gefur það, að á þessari einu öld, sem liðin er frá því að Íslendingar öðluðust verzlunarfrelsið hafa framfarirnar hér á landi ef til vill orðið tíu sinnum tífaldar við framfarir tífalda, eða allt frá landnámstíð og fram til þess tíma er síðasti hlekkur verzlunaránaúðarinnar var brotinn af þjóðinni. Ekkert skal um það fullyr hversu gildur er þáttur verzlunarfrelsisins í framförunum, heldur aðeins staðhæft að án hans hefðu framfarirnar litlar eða engar orðið. Er þetta sagt án ádeilu á aðra og þeim fyrirgefið, sem vildu vel en gerðu illt.

-----

Í dag fagna Íslendingar aldarafmæli verzlunarfrelsis. Margs er að minnast. Mörgum þakkir að gjalda. En hæst gnæfa þeir Skúli Magnússon og Jón Sigurðsson. Hafa þeir hlotið að launum ást og virðingu allra Íslendinga fyrr og síðar.

En auk brautryðjendanna ber í dag alveg sérstaklega ða beina þakklætinu til íslenzkra kaupþýslumanna, jafnt þeirra er séð hafa og sjá landsmönnum fyrir aðfluttum nauðsynjum sem hinna, er annast sölu og útflutning íslenzkrar framleiðsluvöru. Hafa þessir menn unnið mikið afrek, er þeir hrifu verzlun landsmanna úr höndum útlendinga og færðu hana í íslenzkar hendur. Eiga margir þeirra skilið sess á æðri bekk íslenzkra athafan og framfaramanna, þótt sumir hafi fremur galdið þess haturs á kaupamnsheitinu, sem lifir í hugum þjóðarinnar frá einokunartímunum en hins að hafa gert þann hóp manna landrækan, er áður mergsaug þjóðina.

-----



Sjálfstæðisflokkurinn hefur frá öndverðu verið brjóst-  
vörn verzlunarfrelsis í landinu. Hann þekkir bezt og  
metur mest gildi frelsis og þeirrar atorku, er grær og þróast  
skjóli þess. Hann skilur öðrum betur hvers virði verzlunar-  
mannastéttin er þjóðinni.

Fyrir því leyfi ég mér í dag í nafni Sjálfstæðisflokksins  
að minnst með hlýhug allra þeirra er kaupsýslu stunda og  
verzlunarstörfin vinna, þakka þeim ágæt og þjóðholl störf  
og óska þeim alls velfarnaðar í mikilvægri þjónustu þeirra  
í þágu þjóðarheildarinnar, en þó síðast og mest þess að  
frelsið verði hvorki afnumið né skert, heldur aukið, eftir  
því sem auðið er.

(Mbl. 1. apríl 1955).



## 4.

VERZLUNARFRELSI Í STAÐ HAFTA.

ATHAFNAFRELSIÐ ER MESTA LÍFSHAMINGJAN.

Ég hef á undanförunum árum <sup>stundum</sup> hafið á orði, að mig langaði ekki sérstaklega til að vera orðinn ungur. Ástæðan er einfaldlega sú, að mér hefur fundist löggjafinn vera búin að svipta æskuna þeirri lífsgleði, sem frjáls viðureign við hin margþættu viðfangsefni, gefur hverjum heilbrigðu, og framsæknum æskumanni.

Mér hefur virst það nokkuð undantekingalítil regla, að hæfustu mönnum sé sérstaklega falið að tryggja hin margháttuðu leyfi og það er í rauninni ekki óeðlilegt, þegar leyfin eru yfirleitt fjármunir út af fyrir sig.

Frá mínu sjónarmiði er verzlunar- og athafnafrelsi frumeind og orkugjafi lífshamingju og jafngramt lang haldbezta ráðið til að auka aðdrætti í þjóðarbúið. Með því móti verður mest til skiptanna, og þar af leiðandi mest í hlut hvers einstaks þjóðfélagsþegns.

Ég hef aldrei farið leynt með, að ég hef takmarkaða trú á verðlagseftirliti. En að ég hef samþykkt að halda því, má í leiðinn skoða sem játningu á því, að verzlunarfrelsi það sem við nú höfum fengið, sé aðeins byrjunar spor, enda þótt það sé stórt og gæfuríkt spor. Þegar við höfum náð endanlega markinu liggur verðlagseftirlitið ekki hjá nefndum, heldur lítur þá hver kaupmaður eftir hinum. Viðskiptamenn kaupa þar sem ódýrast er og af því leiðir að kaupmaðurinn verður að selja við sem beztum kjörum.

Það er þessvegna megin misskilningur, að verzlunarfrelsið sé sérstaklega fyrir kaupmenn, Mér er nær að halda, að það séu einmitt höftin, sem sumir þeirra hafa hagnast á. Það er þjóðin öll sem græðir á verzlunarfrelsinu, því að samkeppnin skapar meiri vörugæði og lægra verðlag.

(Mbl. 1. júní 1960).

6.

5.

## STUÐLUM AÐ ÞVI AÐ VONIR NÝRRAR STEFNU RÆFIST.

Nokkrum sinnum hefur mér fallið sá heiður í skaut að ávarpa þjóðina héðan af svölum Alþingishússins á lýðveldisdeginum.

Ég hefi þá æfinlega talið mér það skylt og verið það ljúft að minnst mannsins, sem svo háan sess skipar í hugum Íslendinga, að þegar lýðveldið var endurreist, var þessi sjáfrí sér sundurþykka þjóð öll á einu máli um það að velja til þess hátíðlega og helga atburðar fæðingardag hans. Án efa hefir það hent mig eins og svo marga aðra á slíkri hátíðastundu, þegar gleði og fögnuður og þakklæti síkir í hverju íslenzku hjarta yfir endurheimt sjálfstæðisins og fulls frelsis, að taka djúpt í arinni og spara Jóni Sigurðssyni ekki lofið, Mönnum er þá eðlilega minnisstæðara, að foringinn var mikill maður en hitt, að hann var mennskur maður. En auðvitað vita þó allir, sem kynnt hafa sér sögu hans, t.d. lesið æfisögu hans eftir dr. Pál Eggert Ólason, að hann var ekki goðum borinn, ekki algóður og alvitur, heldur góður maður og vitur. Í þessum einum breytir það engu, þótt kögð hafi verið rækt við að draga fremur en dr. Páll Eggert Ólason gerði fram í dagsljósið eitthvað, sem talið kann að verða Jóni Sigurðssyni til hnjóðs. Það breytir engu, sem máli skiptir þeirri mynd Jóns Sigurðssonar, sem geymd er og geymast mun í hugum allra Íslendinga, er þekkja æfistarf hans. Hans verður æfinlega minnst með þakklæti og virðingu.

-----

Ef einhver spyrði mig, hvað mér fyndist mestu varða í íslenzku þjóðlífi í dag, myndi mér nokkur vandi á hödnum, en þó svara með því að taka mér í munn orð eins hins mikilþæfasta höfðingja, er þetta land hefir byggt. Ég vilði ávarpa þjóðina, en ekki sízt þá, sem lengi árs sitja innan veggja



Alþingishússins, með þessum orðum:

"Þagnir, dægurþras og rígur," - en þau eru, svo sem margir vita, upphaf hins stórbrotna og kroftuga kvæðis Hannesar Hafstein á 100 ára afmæli Jóns Sigurðssonar.

Hannes Hafstein vissi mæta vel, að "dægurþras og rígur" var og hafði lengst af verið mikill bölvaldur í þjóðlífi Íslendinga og þá ekki síst á sviði stjórnmálanna. Hann á þó að sjálfsögðu við það að í lýðfrjálsu landi eigi eða geti allir verið sammála, ekki við það, að menn hætti að skýja málstað sinn, rökkræða, sækja og verja vígin, deila, jafnvel deila á. Þetta er fylgifiskur, höfuðeinkenni lýðræðisins.

Það sem Hannes Hafstein á við, er, að málefnið gleymist ekki fyrir ádeilunum, að menn hætti að láta tilganginn helga meðalið, að menn séu vandir að málflutningi sínum, temji sér að hafa það, sem sannara reynist, láti aldrei góð mál gjalda málflytjanda, heldur fagni því að mega ljá góðu máli lið, hvort heldur er samherji eða andstæðingur er flytjandi þess.

En þagnir dægurþras og rígur verður margur vandinn okkar Íslendinga auðleystari, því má treysta. Hitt er jafnvíst, að sá vandi að þagga niður í dægurþrasi og rígr er ekki auðleystur. Ég veit að á Íslandi tókst aldrei að senda sundurlyndisfjandann út á sextugt djúp, aldrei að kefla þras og rígr meðan Íslendingar byggja þetta land.

En ég veit líkam að hægt er að lækka rödd sundurlyndis. Þskillegast væri, að leiðtogar þjóðarinnar stýrðu þörinni, en öruggast og endingarbezt er, ef almenningur gerir það, en það sem á veltur er, að annar hvor aðilinn hefjist handa. Það nægir.

-----

Samfara því sem Íslendingar þurfa að læra að umgangast hver annan með siðsemi og góðvild, er þeim rík nauðsyn að temja sér rétta háttu í samskiptum við aðrar þjóðir, en enn

skortir mikið á að vel sé í þeim efnum. Nefni ég þar til sem dæmi landhelgina og handritin.

Í landhelgismálinu vörðum við og sóttum rétt mál. Réttur okkar var að minni hyggju lagalegur, en einkum þó siðferðislegur, þ.e.a.s. réttur lítillar menningarþjóðar til að lifa frjáls og öðrum óháð í landi sínu. Sérhver Íslendingur hlaut því að berjast fyrir sigrinum til þrautast. En samt sem áður má með sanni segja, að við gerðum okkur of lítið far um að skilja þá erfiðleika, sem gagnaðilar áttu við að etja og þá staðreynd að þeir urðu að sýna mikinn þroska og réttlætis kennd til þess aðuppfylla óskir okkar og þarfir.

Okkur til málsbóta er, að flestir Íslendingar munu nú í hjarta sínu viðurkenna, að aðrir og þá ekki sízt höfuðandstæðingurinn í þessari hagsmunadeilu, Bretar sýndu okkur að lokum fulla sanngirni og uxu sjálfir af málinu.

-----

Ekki skorti heldur kröfuhörku okkar í handritadeilunni við Dani fremur en ella.

Skal ég ekki rekja þá sögu, enda flestum kunn. En ekki get ég stillt mig um að segja hér smásögu. Í febrúarmánuði 1960 var ég staddur í skrifstofu Kampmanns forsætisráðherra á Kaupmannahöfn ásamt Guðmundi Í. Guðmundssyni, utnaríkisráðherra og nokkrum dönskum ráðherrum.. Ég sagði þá í spaugi við Kampmann, forsætisráðherra, að skrifstofa hans væri stærri og betri en mín. Bezt væri að við skiptum á skrifstofum. "Því ekk það", sagði forsætisráðherran. Rétt á eftir bætti hann við: Nei, það tjáir ekki, því að þá fá Íslendingar engin handrit."

Nú er Kampmann fyndinn maður og skemmtilegur og ef til vill lá engin dýpri merking að baka þessara orða. En þau hafa þó oft vakið hjá mér þessa spurningu: Myndu íslensk stjórnarvöld, hver sem þau væru hafa haft það rétta hugarfar, drengskap og manndóm, til þess að taka á sig stórkostleg óþægindi,



baráttu og andúð margra mætra manna, til þess að geta skilað Dönum dýrgripum, sem við teldum lögmæta eign Íslendinga, eingöngu vegna þess að Danir settu siðferðiskröfur til þeirra?

Það er þetta sem flestir forystumenn Dana hafa gert til að þóknast okkur.

Þetta er mönnum hollt að hugleiða.

Þeim skilst þá betur, að við erum svo einsýnir, að voði gæti af stafað værum við eitt af mestu herveldum heimsins, en ekki smáþjóð á hjara veraldar.

-----

Að sjálfsögðu er okkur mikil naðsýn að halda fast á málum okkar og forðast talhlýðni og undirgefni ekki síður en stífni og hroka. En þá er hóf bezt í þessum efnunum sem öðrum og ekki höldum við til langframa vinsældum og virðingu annara þjóða, ef við heimtum allt af þeim, en látum þær jafnan ganga bónleiðar til búða á okkar fund. Ber okkur að skilja, að ósk okkar og krafa á að vera sú að fá að lifa þrátt fyrir smæðina, en ekki af smæðinni, og að allar vonir mannkynsins um að forðast tortímingu gereyðingarstyrjalda byggast einmitt á því, að þjóðernishrokinn verði lögður og að sérhver þjóð leitist við að skilja óskir og þarfir annarra þjóða og vilji uppfylla þær eftir getu.

-----

Þegar ég ávarpaði þjóðina á lýðveldisdeginum í fyrra, gat ég þess, að nú hefðu þeir atburðir gerst í þjóðlífi okkar, sem mikill vandi er að ráða fram úr. Leyndi ég því ekki, að ég hafði af þeim áhyggjur þungar. Átti ég að sjálfsögðu við kaupdeilurnar og verkföllin og þóttist sjá fyrir, hvað af myndi hljótast. Reyndin varð því miður sú, að ég hafði verið alltof sannspár. Er sú saga væntanlega engum úr minni liðin, óhugnanleg eins og hún var, og þá ekki sízt lokaþátturinn, gengisfallið, sem þó úr því sem komið var, var

að mínu viti eina úrræðið og því haldbetra sem fyrr var til þess gripið.

-----

Enn hafa gerst á þessu sviði, miklir og merkir viðburðir. Á ég þar við kauphækkannirnar, sem urðu á Akureyri í vor samtímis því sem Dagsbrún og atvinnurekendur í Reykjavík hófu samningsumleitanir. Skal ég ekki neita því, að tekija verður nokkra óvissu á, hvort efnahagskerfið stenzt áorðnar kauphækkannir, án þess að grípa þurfi til vaxtahækkana, lánsfjárskeiðinga eða annarra svipaðra ráðstafana tilvarnar gegn verðbólgu. Vona ég þó í lengstu lög að svo reynist.

Að þessu sinni er vikið af glæfrabraut undanfarinna ára og kröfugerðin nú, miðuð við það, sem a.m.k. nokkrar vonir standa til að leiði til raunhæfra kjarabóta. Eiga nú allir mikið í húfi um, að sú verði reyndin og settu þá að mega vænta, að þáttaskil séu hafin í kjarabaráttunni á Islandi, stefnt sé burt frá fyrri ára yfirskynssigrum yfir í jafnar, tryggar og raunhæfar kjarabætur. Mætti þá vera mikið gleðiefni öllum þeim, sem að þessari stefnu hafa unnið og hana markað og raunar þjóðinni allri.

Nú nýverið hafa að sönnu þeir, sem meira bera úr bótum krafist og fengið meiri kauphækkannir en þeir lægst launuðu og verður að játa, að það varpar skugga á þessar vonir. Er þó að sjá hvað setur, vona hið bezta, þar til hið verra reynist, en taka síðan réttilega því, sem að höndum ber.

Á ég enga ósk heitari í þessum efnunum en að vel rætist úr, en vara þó við of mikilli bjartsýni, því hér eru að verki lög-  
mál, sem ekki verða umflúin, þótt samhugur og góðvilji ráði alltaf miklu. En hvað sem öðru líður bendir nú margt til þess, að reynslan hafi nú sannfært menn um, að í kjarabaráttunni er sigandi lukka bezta, og að það er ekki krónutala, heldur kaupmáttur tímakaupsins sem gildir. Er þó skammt í fullan skilning á því, að kauphækkannir umfram



gjaldþol framleiðslunnar eru búi en ekki bót. Eftir það miðast baráttan við það eitt, að hlutur launþega verði sem mestur innan þess sem auðið er að gjalda og mun .á hefjast nýtt og merkt tímabil í efnahagssögu Íslendinga.

Þer nú allri þjóðinni, að samáinast í að stuðla að því, að þær vonir, sem við þessa nýju stefnu eru tengdar, megi rætast, öllum til heill og farsældar.

Of mikil bjartsýni væri að ætla, að þessi nýja stefna hljóti allra fylgi. Þeir verða gegn henni, sem setja annarleg sjónarmið ofar kjarabótum, og einnig ýmsir fleiri, sem ekki hafa brotið málið til mergjar.

Hér kemur þá til sögu góðvild manna, sem telja að náunginn hafi og lítið að bíta og brenna og óska því kauphækkana öllum til handa, en átta tig ekki á þeirri staðreynd, að þar er til ills unnið nema að framleiðslan geti staðið undir hækkuninni, og kenna svo harðýgg eða skilningsleysi stjórnarvaldanna um.

Þessar raddir þagna aldrei og eiga heldur aldrei að þagna. Sveltur sigjandi kráka. Sá sem ekki ber sig eftir björginni, þarf varla að búast við að verða mataður. Hitt er svo jafn nauðsynlegt, að ekki sé orðið við kröfunum umfram getuna, því að það leiðir til ófarnaðar óns.

-----

Um það má svo að sjálfsögðu alltaf deila, hvort menn beri nóg úr býtum. Það fer eftir því við hvað er miðað. Sé miðað við feður og mæður, lifum við kóngafífi, en ef miðað er við syni og dætur vonumst við öll eftir betri kjörum þeim til handa. En ekki verðum viðhungurmorða meðan við höfum efni á að kaupa vínföng og kræsingar á knæpum Reykjavíkur fyrir 2 milljónir í hver vikulok, eða ferðast til útlanda í erindisleysu í tugþúsundatali árlega, svo eitthvað sé nefnt.

-----

Nei, með þakklæti ber að játa að hér er almenn velmegun, svo almenn að leitun mun að slíku meðal annarra þjóða. Samt sem áður er ekki búið að útrýma allri fátækt, en fyrr ná ekki linn a sókninni. Auk þess sem vinnudagur margra er alltof langur, húsakostur lélegur o.s.frv. Fyrir því ber að halda áfram á braut velmegunar og bættra lífskjara með öllum þeim hraða, sem aðstæður leyfa og hafa menn nú uppi miklar fyrirætlanir um að hagnýta í því skyni orkuna í elfum landsins og iðrum jarðar. Er þess að vænta, að um það verði gott samstarf manna og flokka.

Takist þetta og takist að efla samhug og einingum blasir björt framtíð við íslensku þjóðinni.

Látum okkur minnast ættjarðarinnar og biðja henni og börnum hennar blessunar.

Heill forsætunum og fósturjörðinni.

Ísland lífi.

Ræða 17. júní 1962.

(Mbl. 19. júní 1962).



## 6.

## ÁR MESTU VELSÆLDAR ÍSLENZKU ÞJÓÐARINNAR.

Óviða eru stjórn málin jafn ofarlega á baugi meðal almennings sem hér á landi. Er ekki nema gott eitt um að það að segja jafn mikið sem á veltur fyrir þjóða félagsþegnanna, að vel og viturlega sé á þeim haldið.

Þessi mikli áhugi leiðir þó oft til öfga. Þannig eru stjórn málamennirnir ýmist gerðir að ofurmennum sem ekki mega vamm sitt vita, að öruruleyti en þá helst því, að vera hæfilega hlutdrægir fylgifiskum sínum til framdráttar, eða þá hinsvegar taldir meingallaðir valdastreitu- eða jafnvel misindismenn, sem í engu megi teysta. Fer þá oftast eftir því, hvort menn lýsa sínum mönnum eða andstæðingunum. Milli þessara öfga eru helst þeir, sem lítill slægur þykist í. Meðal annars af þessum ástæðum er það stjórn málamönnum hollt að temja sér snemma að láta sig lofið jafnt sem lastið skipta. Hitt væri svo áreiðanlega til mikilla bóta, að allir, sem við opinber mál fást, reyndu að verðskulda að um þá mætti segja svipað því sem merkur erlendur blaðamaður nýlega sagði við mig um blað sitt, en ummæli hans voru eitthvað á þessa leið:

"Auðvitað hefur blað mitt ekki æfinlega á réftu að standa, en það segir aldrei annað en það, sem það veit sannast og réttast".

-----

Með þessu fororði ætla ég að leitast við að svara þeirri spurningu, sem mörgum er nú efst í huga.



Hefur viðreisnin tekist eða ekki?

Ég leiði að þessu sinni hjá mér að rökstyðja það, sem flestir, sem með stjórnámálum fylgjast, þó vita að er mín skoðun, að þegar núverandi stjórn tók við völdum, stóðu sakir í efnahagsmálum Íslendinga þannig, að ekkert vit var í að freista annarra ~~úr~~ráða en þeirra, sem til var gripið. Ég skal heldur ekki að þessu sinni skipta sökinni á því að svo var komið sem komið var, milli flokka og manna, heldur láta nægja að segja, að af því getur enginn flokkanna og heldur enginn þeirra manna sem stýrt, hafa förinni hvítþvegið hendur sínar, enda þótt hvatir manna, kunni að hafa verið ólíkar og sakir séu misstórar.

Ég ætla engan að hefja til skjýjanna, og heldur engan að sakfella, heldur aðeins að reyna að varpa ljósi á þetta flókna mál, rannsaka þau gögn, sem nú liggja fyrir, og athuga, hvort ekki megi draga ályktanir af reynslunni, sem verða mætti að liði í framtíðinni.

-----

Ég skal strax kveða upp úr með það, að í vissum aðalefnum hefur viðreisnin tekist betur en björtustu vonir stóðu til. Hinsvegar játa ég hispurslaust, að enn hefur ekki tekist að ráða niðurlögum verbólgunnar, enda þótt rétt sé, að þjóðin standi í dag betur að vígi, en fyrir þremur árum til að fást við hana. En taksit ekki að sigrast á verðbólgunni, gleypir hún fyrr eða síðar ávexti þess, sem bezt hefur tekist. Er þá unnið fyrir gíg, og beinn voði fyrir höndum.

-----

Um það, sem bezt hefur farið úr hendi, minni ég á örfáar tölur, sem segja meira en mörg orð. Á ég þar við gjald-eyrisstöðu og sparifjáreignir landsmanna.

Þegar viðreisnin hófst var það eitt þyngsta áhuggjuefni manna, að Ísland myndi þá og þegar lenda í greiðslubrotum, þjóðinni til skammar og skaða.

Bankarnir skulduðu þá erlendis 216 millj. króna.

Um síðustu mánaðamót var þessi skuld greidd að fullu, en í stað hennar komin inneign 1010 millj. kr. Gjaldeyrisstaðan hefur þannig batnað um hvorki meira né minna en 1226 millj. kr. frá upphafi viðreisnarinnar.

Þetta sgeir sína sögu. Hér sem víðar eru peningarnir afl þeirra hluta sem gera skal. Það er þessi þætti hagur þjóðarinnar í viðskiptunum við útlönd, sem því ræður, að innflutningsverzlunin er nú frjáls með þeim einu takmörkunum, sem leiða af viðskiptunum við jafnkeypislöndin, og það er líka þessu breytta andlæti út á við, sem við eigum það að þakka, að fjárhirztlur umheimsins hafa opnast Íslendingum að nýju, eftir margra ára bið okkar utan dyra. Þarf ekki að fjölyrða um, hver fengur lánstraustið er fámennri þjóð, sem á sér jafnmörg óleyst verkefni og jafn ríkar ónotaðar auðlindir, sem Íslendingar eiga.

-----

Varðandi spariféð, - hið ytra tákni um mátt þjóðarinnar til að fást við ný verkefni - get ég þess að í febrúarlok 1960 námu allar innistæður landsmanna í bönkum og sparisjóðum landsins 1825 millj. kr. Þær voru um síðustu mánaðamót 3287 millj. kr. Aukningin er þannig 1462 millj. kr., eða með öðrum orðum, Íslendingar hafa frá upphafi viðreisnarinnar aukið sparifé sitt um nærri því jafn háa upphæð, eins og þeir höfðu áður nurlað saman frá landnáms tíð og fram á þennan dag.

-----

Hvað þessa höfuð þætti áhrærir, tala staðreyndirnar enga tæpitungu. Fram að þessu er sú saga miklu skemmtilegri en



leyfilegt var að vænta. Íslendingar mega ekki láta sögulokin verða sorgleg, en í þeim efnum ræður þjóðin sjálf mestu, enda þótt aflabrögð, verzlunarárferði og fleira komi þar líka við sögu.

-----

Ég kem þá að hinni óráðnu gátu, þ.e.a.s. hvort takast megir að stöðva sig á þeirri óheillabraut sífelldra hækkana kaupgjalds og verðlags á víxl, sem við höfum búið við síðustu tvo áratuginna.

Þetta er hin mikla spurning.

Er hægt að stöðva sig eða er það ekki hægt?

Á því veltur mikið og meira en hér skal rakið.

-----

Þegar rætt er um verðbólguna manna á meðal, kveður alltaf við sama tóninn, að við séum á villigötum.

En nú spyr ég; úr því að allir virðast sammála um þetta meginatriði, hvornig stendur þá á því, að vaðið er áfram í villu og svíma.

Já í villu og svíma. Er það nú ekki einmitt svarið? Er ekki ástæðan fyrir því, að menn stöðva sig ekki á þessari óheillabraut, einmitt sú, að reynslan er ekki spurð ráða?

Sama sagan hefur endurtekið sig æ ofan í æ. Allir, sem öðluðust trúnað launþega, hafa sett metnað sinn í að gera sem hæstar kröfur á hendur atvinnurekendum. Atvinnurekendur svara oftast því sama, að þeir séu einskis megnugir. Þá er leitað til ríkisins, um greiðslu af almannafé á því, sem á milli ber. Stundum hefur það verið gert, en stundum ekki. Oft er þá beitt verkfallsvopninu, og venjulega eru sögulokin

hin sömu, kauphækkarnir í einu formi eða öðru, fyrst ein stéttin, síðan fylgja allar hinar í ljölfarið. Oftast leiðir þessa svo fljótlega til lækkunar á gengi krónunnar, hvort sem það er viðurkennt með formlegri breytingu strax eða ekki. Þá étur hækkað verðlag strax alla kauphækkunina, og þá sjá allir að til einskis var barizt. Menn fá einungis fleiri og smærri krónur. Launþegar eru þá að engu bættari. Ekkert hefur skeð annað en, að skuldugi hefur hagnast, en sparifjáreigendur tapað.

-----

En svo kemur fyrir að kauphækkarnir leiða ekki til gengis fellingar og þá hækkar verðlagið minna en kaupið, þannig að launþegarnir fá einhverjar raunhæfar kjarabætur. Þetta ruglar menn í ríminu og hvetur að órannsökuðu máli til að tefla djarft í kaupkröfunum. Ný sókn er hafin. Í þetta skipti leiðir hún kannski eingöngu til nýrrar gengislækkunar, og hefur þá sigur kröfugerðarmanna enn einu sinni snúist upp í ósigur krónunnar, þvert gegn þeirra eigin vilja.

Þannig gengur þetta skref af skrefi og alltaf minnkar krónan með öllum þeim geysialvarlegu afleiðingum og óréttlæti, sem það hefur í för með sér, og hér skal ekki rakið.

-----

Nu vaknar sú spurning, hvor ekki sé mögulegt að tryggja launþegunum ítrustu raunhæfarkjarabætur án blóðtöku verkfalla og þverrandi gildis gjaldmiðilsins.

Við skulum leita svars í þeim gögnum, sem við nú höfum eignast um reynslu okkar sjálfra í þessum efnum.

Það vill nú þannig til, að á því ári, sem nú er að enda, hafa í fyrsta sinni verið birtar ítarlegar skýrslur um þróun þjóðarinnar



Þróun þjóðarbúskaparins á árunum 1945-1960. Eru þessar skýrslur birtar í riti Framkvæmdabanka Íslands "Úr þjóðarbúskapnum" og sýna þróun þjóðarframleiðslu, þjóðartekna, neyzlu og fjárfestingar á þessu tímabili. Bráðabirgðaútreikningar, sem ennþá hafa ekki verið birtir, hafa einnig verið gerðir fyrir árin 1961 og 1962, þannig að yfirlit er nú til um allt tímabilið eftir styrjöldina.

Í þessum skýrslum felst mikill og margvíslegur fróðleikur, sem hægt er að draga margvíslegar, gagnlegar ályktanir af. Þar má meðal annars sjá eftir hvaða leiðum viðreisnin hefur náð jákvæðum árangri á ýmsum sviðum, og einnig gefa þær ýmsar bendingar um framtíðina. Ég get ekki gert svo miklu máli skil að þessu sinni, en ræði það eitt, sem varpar ljósi á þá spurningu, er ég áðan bar fram.

-----

Sú uppbygging atvinnulífsins, sem framkvæmd var í styrjaldar lokin og fyrst eftir styrjöldina, reyndist ekki nægileg til þess að viðhalda þeim þjóðartekjum, sem náðst höfðu á styrjaldarárunum og því síður til að auka þær. Stafaði þetta af tvennum ástæðum:

Í fyrsta lagi var mikið aflaleysi á árunum 1949 og 1952.

Í öðru lagi féllu íslenskar útflutningafurðir í verði, jafnframt því sem verðlag á innflutningsvörum hækkaði. Afleiðingin varð sú, að á árinu 1952 hafði hrein þjóðarframleiðsla ekkert aukist frá því sem hún hafði verið 1945. Þjóðinni hafði hinsvegar fjölgað verulega á þessum árum og kom þess vegna minna í hlut hvers og eins, - þjóðarframleiðslan á mann hafði lækkað um nærri 14%. Slæmt verzlunarárferði varð þess svo valdandi að vermæti þjóðarframleiðslunnar þjóðartekjurnar voru um 19% lægri á mann en 1945.

Á árinu 1953 verða tímamót. Þá uxu bæði þjóðarframleiðsla og þjóðartekjur mikið, og hefur sú þróun haldið áfram síðan, fyrst með miklum hraða, síðan hægara. Árið 1962 verða þjóðartekjur á mann 21% hærri en þær höfðu verið árið 1945, og 5% hærri en þær höfðu verið árið 1958.

Það er því óhætt að fullyrða það, sem raunar hver maður, sem hér þekkir til, getur sannfærzt um með eigin augum, að velmegun íslensku þjóðarinnar hefur aldrei verið meiri en hún er nú.

-----

En þá mun verða spurt, hvort þetta þýði það, að velmegun almennings á Íslandi hafi aldrei verið meiri. Hvort það geti ekki verið, að aukning þjóðarteknanna hafi fyrst og fremst lent hjá atvinnufyrirtækjunum eða einhverjum tiltölulega litlum hópi manna og kjör alls almennings hafi versnað, eða að minnsta kosti ekki batnað.

Við þessari spurningu er ekki hægt að finna svar í þeim útreikningum Framkvæmdabankans, sem ég hef gert grein fyrir. Á hinn bóginn eru til athuganir á meðaltekjum kvæntra manna í helztu launastéttum landsins, þ.e. verkamanna, iðnaðarmanna og sjómanna. Þessar athuganir eru byggðar á skattframtölum og ná til árána 1948 og 1961. Þær sýna að atvinnutekjur hafa fylgt þjóðartekjunum á mann mjög náið. Þær hafa hækkað þegar þjóðartekjurnar hafa hækkað, og nokkurn veginn í sama hlutfalli, sem þýtur þó að sjálfsögðu ekki að kjör einstakra hópa innan launastéttanna hafi ekki getað breytst verulega í samanburði við aðra hópa.

Þetta er sá lærdómur, sem lesa má út út okkar eigin skýrslum um þróun þjóðarbúskapar okkar frá stríðslokum, og sömu sögu segir reynsla annarra þjóða.



Það er vöxtur þjóðarteknanna sem meginmáli skiptir fyrir líf skjör almennings í landinu.

-----

Þetta er kjarni málsins.

Af því leiðir, að athygli beinist að því, hvernig hver einstaklingur geti stuðlað að því, sem bezt, að sá vöxtur verði sem mestur. Hvernig samtök launþega og atvinnurekanda geti stuðlað að þessu sama, og hvað ríkisvaldið sjálft getur gert.

Það er mín skoðun, að framtak, þekking og dugnaður hvers einstaklings skipti mestu máli í þessum efnum þegar allt kemur til alls. En hinu má þó ekki gleyma, að samtökin og ríkisvaldið skapa einstaklingnum þau skilyrði, sem hann starfar við. Þessi skilyrði geta verið þess eðlis, að einstaklingurinn, hvort sem hann er atvinnurekandi eða launþegi, fái notið sín sem bezt, og starf hans verði öllum til mestra heilla. En skilyrðin geta líka verið þannig, að einstaklingurinn fái ekki notið sín og starfsemi hans beinist í þær áttir, sem eru þjóðarheildinni síður heilvænlegar.

Mig langar til að athuga í þessu ljósi nokkuð nánar stefnu og aðgerðir bæði hagsmunasamtakanna og ríkisvaldsins á undanfórnum árum, og vil þá fyrst minnst á hagsmunasamtökun. Þessi samtök standa árlega í samningum sín á milli og viðræðum og samningum við ríkisvaldið. Ef þessir samningar og viðræður fjölluðu um það, hvað hægt væri að gera til að greiða fyrir aukningu framleiðslunnar, þannig að grundvöllur skapist fyrir sem mestum bata líf skjjaranna, þá væri ekki nema gott eitt um þetta að segja. En þessu er því miður sjaldnast að heilsa. Í stað þess er fjallað um það, hversu mikið kaupgjald skuli hækka eða hvaða framlag ríkið geti lagt til ákveðinna stétta eða starfsemi, án

Þess að spurt sé um, hvort aukning þjóðarteknanna skapi grundvöll fyrir því að kauphækkunin og framlag ríkisins geti leitt til raunverulegra kjarabóta. Takist samningar ekki, hefjast oft verkföll og bönn, sem stöðva framleiðsluna svo vikum og mánuðum skiptir,

Ríkissvæðinu sjálfu hefur heldur ekki tekist sem skyldi í þessum efnum. Stjórn efnahagsmálanna hefur ekki getað komið í veg fyrir það, að mestan hluta þeirra 17 ára, sem hér um ræðir, hefur verið mikil verðbólga í landinu, og halli á viðskiptum við önnur lönd. En fyrir því er margföld reynsla, bæði hér á landi og annars staðar, hversu erfið skilyðri verðbólgan skapar, þegar til lengdar lætur, fyrir vexti þjóðarframleiðslunnar, hvernig hún beinir atorku og fjármagni manna inn á brautir, sem að vísu kunna að vera þeim sjálfum hagkvæmari í bili við þau skilyrði sem verðbólgan skapar, en sem eru þjóðarheildinni óhagkvæmari.

Af þessu leiðir meðal annars að greiðsluhalli skapast við útlend. en hann eyðir gjaldeyrisforðanum og eyðileggur lánstraustið. Þegar svo er komið er gripið til gjaldeyris- og innflutninghafta sem trufla rekstur atvinnulífsins og torvelda framkvæmdir í landinu.

0-----

Ég rek þessa sögu ekki lengra.

Það sem ég hefi fundið í hinum merku gögnum um þróun þjóðarbúskaparins á árunum 1945 - 1962, og sem ég raunar áður þóttist vita, er í aðalatriðum þetta:



- 1) Þjóðartekjur á mann og atvinnutekjur almenning fylgjast náið að.
- 2) Það, sem á veltur fyrir alla er þess vegna, að vöxtur þjóðarteknanna verði sem örastur og tryggastur.
- 3) Að enda þótt það sé vafalaust rétt, að það sé þekking og dugnaður hvers einstaklings, sem mest veltur á þá skiptir einnig höfuðmáli að samtök launþega og atvinnurekenda og ríkisvaldið sjálft haldi rétt á málum greiði götu einstaklingsins og beini framtaki og fjármagni hans inn á þær brautir sem þjóðarheildinni kemur að mestu gagni.
- 4) Að í þeim efnum ríði á mestum að forðasr verðbólgu með öllum þeim skaðlegu áhrifum, sem hún hefur á efnahagslífið og
- 5) að eins og það er æskilegt að kaupið sé hækkað, þegar rétt skilyrði eru fyri hendi, þá er það einnig og að sama skapi nauðsynlegt, að staðið sé geng ótímabærum kauphækkunum.

Þetta er rétt svo langt sem það þær.

En með því er ekki vandinn leystur. Það, sem á skortir, er að tryggja kauphækkunir, þegar þær eru tímabærar, þ.e.a.s. þegar þær leiða ekki til gengisfalls, heldur til raunverulegra kjarabóta.

Ef við getum tryggt þetta, ef hægt er að eyða tortrygginni og skapa traust launþega á því, að ítrustu hagsmuna þeirra sé gætt eftir því sem efni standa frekast til hverju sinni, þá held ég, að hægt sé frá dyrum þjóðarinnar þeim bálvaldi, sem ógnað hefur heilbrigðu efnahagslífi hennar tvo síðustu áratuginna.

Um ýms úrræði getur verið að ræða. Sjálfur tel ég það geta haft mykla þýðingu, að sú þekking, sem við nú ráðum yfir um hag þjóðarbúsins, verði notuð þannig að allir aðilar geti áttað sig á því hvert stefnir, hvenær séu möguleikar til raunverulegra kjarabóta og hvenær ekki. Eg geri ekki þá kröfu, að fulltrúar launþega og atvinnurekanda taki góðar og gildar allar upplýsingar, sem opinberar stofnanir leggja fram og þær niðurstöður, sem stjórnarvöldin draga af þeim. Ég held, að nauðsynlegt sé, að samtök launþega og atvinnurekanda sjálf, í sameiningu, eða þó kannske heldur hvort í sínu lagi, ráði yfir stórum stofnunum, sem séu færar um að kanna og meta allar upplýsingar og safna sínum eigin gögnum eftir því sem ástæða reynist til, en leiðbeini síðan umbjóðendum sínum og láti þeim í té öll nauðsynleg gögn í málinu. Myndu þá stórum aukast líkurnar fyrir því að kröfurnar yrðu nokkurn veginn í samræmi við gjaldþolið, og yrði þá auðvitað að sama skapi oftast gengið að þeim án átaka.

-----

En, segja menn, úr því að þetta er svona einfalt, hvers vegna er þá ekki löngu víið að framkvæma það.

Einfalt og einfalt ekki.

Engin úrræði eru einföld og aðgengileg, séu þau skoðuð í ljósi tortryggni og úlfúðar. En vilji menn á annað borð reyna þessa og vilji menn að reynslan verði jákvæð, þá þori ég að staðhæfa, að innan tíðar munu óskirnar rætast um það að okkur takist að leysa þann milka vanda, sem allar ríkisstjórnir hafa verið að glíma við undanfarna tvo áratugi, og sem stundum hefur verið kominn geigvænlega nærri því að búa okkur grand.

-----



Háttvirtir áheyrendur:

Við hver áramót er eðlilegt og þarft bæði einstaklingum og þjóðum að staldra við, horfa um öxl og hugleiða liðna atburði, reyna að læra eitthvað af því, sem gerzt hefur, láta það auka einhverju á þroska okkar og þar með hæfnina til að taka því sem framundan kann að vera með ábyrgðartilfinningu og viti.

Því hefur verið trúáð, að Guð hjálpi þeim sem hjálpa sér sjálfir. Hitt kann að vera hæpnara, að sá sem ekki þiggur hjálpina, þegar hún býðst eigi hana vísa þegar honum þóknast að leggja það á sig að veita henni nóttöku. Gamla sagan um feitu árin og mörgu árin kann að endurtaka sig, ekki hvað sízt hjá þeim þjóðum, sem að miklu þyti eiga afkomu sína undir stopulum sjávaraflla. Þetta er Íslendingum hollt að hafa hugfast. Mið látum það þá kannski sjaldnar henda okkur að standa þjófóskufullir vikum og mánuðum saman með hendur í vösum og hafast ekki að, meðan hin mikla lífsbjörg syndir fram hjá okkur.

-----

Í íslenskum annálum verður ársins 1962 ekki getið að öðru en því, að þjóðin bjó þá við meiri velsæld en nokkru sinni fyrr.

En hvað mun mannkynssagan segja?

Mun hún kannski skrá árið 1962 sem ár hinna miklu straumhvarfa?

Mun hún segja frá því, að þá hafi verið komið svo málefnum heimsins, að engin þjóð hafi lengur átt mest undir sjálfri, sér, heldur undir því, sem réðist um þróun alþjóðlegra stjórnmála, verndun eða glötun allsherjarfriðar á þessari jörðu?

Mun hún segja frá því, að í októbermánuði það ár hafi mannkynið ríðað á barmi glötunnar, stæði á öndinni milli vonar og ótta um hvað verða kynni? En með því er ekki vandinn.

Mun hún segja frá því, að þegar valdamenn veraldarinnar hafi verið að því komið að tortíma sjálfum sér og flestum öðrum sem þennan hnött byggja, hafi hönd Dróttins gripið í taumana og gefið valdamönnum þá náð að stöðva sig og skilja að í heljarátökum atómstyrjalda hefur enignn mátt til að veíja sig, heldur einvörðungu að pynta og drepa aðra, að þá sigrar enginn, heldur bíða allir ósigur, og að þess vegna sé það nú eimitt staðreynd, að við verðum öll að lifa saman eða deyja saman í einum heimi.

Við vitum ekki hvað sagan muni segja.

En við spyrjum:

Er það ekki sennilegt, að þeir, sem einu sinni hafa horft ofan í hyldýpið hætti sér aftur á glötunnarbarminn? Er það líklegt að mennirnir, sem nýverið horfðust í bein augu við dauðann, svo tæplega skildi fótmál á milli, hafi núlært það, sem á vantaði í lífsins skóla? Var það ekki eimitt þetta, sem þurfti til þess að létta atóm-ógnuninni af mannkyninu í eitt skipti fyrir öll.

-----

Við Íslendingar fáum litlu ráðið um þessi máklu mál, en við skulum trúá þessu betra þar til við reynum hið verra, og umfram all forðast, að hugarvél út af okkur óviðráðanlegri rásviðburðanna, dragi úr framtakinu á þeim sviðum, þar sem mest veltur á atorku okkar og vitsmunum.



Ég vil ljúka máli mínu með því að biðja þess, að árið, sem í hönd fer, verði ár friðar og sívaxandi vilja til að útkljá ágreining og deilur með gagnkvæmri fórnfýsi í sáttfúsum anda - að árið megi verða einstætt merkisár í þeim þróunarferli sem skipar hugsuninni um heill alls mannkynsins nú og um alla framtíð ofar öllu öðru í vitund og vilja þeirra manna og þjóða sem mestu ráða á okkar jörð.

Ég bið Guð að blessa land og lýð, lönd og lýði.

Gleðilegt ár.

Áramótaávarp 31. desember 1962.

(Mbl. 3. janúar 1963).

7.

## VONIR VAKTAR UM FRID STÉTTA LANDSINS.

Fyrir 100 árum var Alþingi - eins og menn muna - aðeins háð annað hvert ár, og einmitt um það leiti kom það fyrir, að Jón Sigurðsson kom ekki til tveggja þinga í röð, árið 1861 og 1863. Hugurinn var samt heima, og við málefni Íslands, og hann skrifaðist á við fjölda manns um þingmál og önnur þjóðmál. Í bréfi til Þóððar Jónassens, háyfirdómara, hafði Jón spáð því, að Þórður yrði skipaður konungsfulltrúi á þingi sumarið 1863. Í svari sínu staðfesti háyfirdómarinn að hann hafi hlotið þessa skipun, og bætir síðan við:

"Það gladdi mig ekki, því að ég veit að ég get ekki staðið í skilum, hvorki svo mér eða öðrum líki, og kvíði því fyrir þinginu, einkum ef þú ekki kemur, því ég ætla þá að fara í smiðju til þín, og hún er ekki vön að vera kolalaus. Ég er nokkuð konservatív, og einkum hættir mér tilfjáðtgera lítið úr Íslands dáð og dug; mér sýnist allt sé þar í einskonar barndómi. Ég er því hræddur við okkar sjálfstjórn, því ég held bæði að við fáum ekki svo duglega menn í hana sem skyldi, og svo yrði að líkindum hver hönd upp á móti annarri. Ég segi ekki samt að þessi sjálfstjórn sé ekki hugsandi, né heldur að við ekki getum haft okkar fjárforráð, en - hér er samt allmikið á hættu, eftir því sem hér hagar til, (nema danska stjórnin veiti okkur það, sem þú ferð fram á, en það gerir hún ekki. Það þori ég að fyllyrða)".



Þetta bréf hefir Jóni Sigurðssyni borizt nálægt afmælisdegi sínum fyrir 100 árum, því að það er skrifað seint í maí árið 1863. Það er eitthvað átakanlegt við þessa hreinlegu játningu - manni liggur við að segja neyðaróp - hins tigna embættismanns, þessa trúa þjóns konungs og stjórnarinnar, sem kvíðir því að geta ekki farið í smíðju til mannsins, sem aldrei gerði lítið úr Íslands dáð og dug.

Þórður Jónassen talar í bréfi sínu um það að danska stjórnin þyrfti að veita það sem Jón fer fram á, til þess að við getum haft okkar eigin fjárforráð. Þarna skírskotar hann einmitt til eins af þeim málefnum, sem Jón Sigurðsson helgaði mest áhuga sínum og kröftum á þessum árum, - fjárhagsmálsins. Í Nýjum félagsritum eru langar ritgerðir um það mál, bæði árin 1862 og 1863. Það yrði of langt mál að rekja það sem á milli ber í þeim efnum fyrir 100 árum. Aðeins má geta þess að viðfangsefnið var tvíþætt, annarsvegar kröfurnar á hendur Dönun um endurgreiðslur á gömlum skuldum, hinsvegar krafan um sjálfsforráði í fjárhagsmálum - krafa Íslenzku þjóðarinnar um að mega skattleggja sjálfa sig til þess að geta varið afrakstri skattanna til almenningsheilla.

Í grein sinni í Nýjum félagsritum árið 1863, segir Jón Sigurðsson svo:

"Það sem vér höfum helst fyrir augum að þyrfti undirbúnings, er almennar framkvæmdir til að efla atvinnuvegu landsins og gróða landsmanna. Enginn getur neitað því að land vort hefur nægar og óþrjótandi uppsprettur fyrir dugnaðarmenn, bæði til lands og sjós, og svo mikið atvinnufrelsi, að hver einn getur leitað sér til gagns og neytt krafta sinna svo sem hann hefir dáð og menningu til. En aldrei verður þessa neytt með svo miklu afli eða lagi, þegar hver kúrir í sínu horni, eins og þegar margir eru samtaka og hver leggur sitt fram,

til þess að fá því fram komið, sem mest er í varið, og ofvaxið er einstökum mönnum".

Þessi aldagömlu hvatningarorð standa enn í góðu gildi. Enn í dag er það dáð og menning borgaranna, sem er frumskilyrði ríll allra framfara. Enn verða menn að taka höndum saman, bindast félagssamtökum, til þess að leysa þau viðfangsefni, sem hverjum einum er ofvaxið. Jafnvel um þátt ríkisvaldsins getur það enn staðizt, sem þarna er sagt um "almennar framkvæmdir" til þess að efla atvinnuvegina, en við verðum að vaka yfir atvinnufrelsinu, sem þarf til þess að auðsuppsprettarnar verði nýttar. Það eru þbiri hættur á veginum nú en menn gerðu sér ljóst fyrir 100 árum.

-----

Þessi hversdagslega mynd úr lífi foringjans mikla, sem ég nú hefi brugðið upp, segi svo sem ekkert sérstakt við fyrstu sýn. Sé betur að gáð, er hún þó góð lýsing á þeirri minni-máttarkennd, trúleysi og kjarkleysi, sem furðu margur góður Íslendingur þá var haldinn, og raunar enn öðru hvoru teygir upp kollinn samfara ótrúlegasta þjóðarhroka og sjálfbirgingshætti og er hvorugt gott.

Jafnframt sýnir þessi skuggamynd manninn, sem aldrei glataði þeirri stærku trú á land sitt og þjóð, sem meðal annarra kosta gerðu hann að foringjanum, sem allir treystu og trúðu, á, hlýddu á og hlýddum manninum sem horfði augum trúartrausts og vonar í allar áttir í senn og fann allsstaðar úrræði þjóð sinni til frama.

Ég hef valið einmitt þessa mynd úr hinum myndauðuga æfiferli Jóns Sigurðssonar, vegna þess að hún snertir það tvennt, sem okkur varðar hvað mest í dag, fjármálin og efnahagsmálin, og sýnir jafnframt að ástin til ættjarðarinnar mægir ekki nema henni fylgi rétt mat á því hvers við erum megnugir og dáð og þrek til mikilla athafna.

-----



Mikil skálmöld hefir geisað hér á landi síðustu vikurnar. Hefir tekið all myndarlega í hnjúkana eins og löngum áður og líklega lengst af mun verða við alþingiskosningar á Íslandi. Er ekki um það að fást, enda kannski ekki undan komist, svo skapheitir sem við erum og ekki bætir návígi fámennisins úr, þar sem hver kann á öðrum skil og menn freistast fræmur en ella til að beina örvunum í hjarta- stað.

Fær því margur sár í heim borgaga. En það hygg ég, að tíðast kenni menn lítils sviða og grói fljótt sára sinna og hugg því lítt á hefndir.

Kosningarhitinn, baráttan, spjálögin, skeinurnar, dylgjur, rógsmál og stundum mannskemmdir eru náttúrulega út af fyrir sig ekki af hinu góða. En allt eru þetta enn sem komið er ytri tákni og filgifé eins hins allra dýrmætasta sem við eigum, lýðræðisins, frelsisins til að ráða málefnum okkar sjálfir, þ.á.m. til þess að segja það, sem okkur felst í huga og raunar líka það, sem okkur býr ekki í brjósti, ef okkur býður svo vð að horfa,. Og "Guð það hentast heimi fann, það hið blíða blandað stríðu" eins og skáldið kvað.

Stundum hugleða menn þó hvort lýðræðið geti ekki höggvið þessa fylgifiska af sér, a.m.k. þá verstu þeirra. Mig skortir nokkuð kunnugleika til að sanna um þetta. En þó hefi ég rekið mig á, þegar ég hef fylgst með kosningum í nágrannalöndunum og varla getur heitið að þess sjái vott í blöðunum svo til lýta sé, að kosningar standi fyrir dyrum, hvað þá að þar kenni íslenzkrar illskældni. En samt sem áður kemur í ljós, að þátttaka í kosningum hefir verið engu síðri þar en hér. En sé þetta svo annars- staðar, hvers vegna þá ekki hér? Erum við áhugaminni um þjóðmálin en hinir? Ég held ekki. En sé þessi úlfúð og fólkska ekki nauðsynlegur aflagjafi til kjörsóknar, hvers vegna er þessum lægstu hvötum þá gefinn laus taumurinn?

Þetta er athugunarefni. En kannski líka að þessi vopnaburður öfundsyninnar, sem ógt er eittraður gegn þeim, sem fram úr skara á hvaða sviði sem er, sé verri hliðin á skapgerð Íslendinga. Hin er, að við erum allra þjóða stórtækastar og skjótastir til að rétta hjálparhönd þegar sorg eða þrengingar hafa sótt náungann heim.

-----

Og nú eru kosningareldarnir þeknir að kulna. Logar þó enn víða undir og eru viðsjár með mönnum. Vona þó án efa flestir, að ekki láti menn erjurnar lengi myrkva huga sinn, enda verkefnin, sem nú er við að eiga sannast sagna ærið erfið, þótt æsingar og útfúð torveldi ekki lausn þeirri.

Hafa nú þeir atburðir gerzt er til þess benda og vekja réttmætar vonir um frið stétta og manna í milli. Á eg þar við ákaflega þýðingarmikið samkomulag milli launþega og vinnuveitenda, sem var undirritað hér í húsinu í nótt og sífstýrði þeim geigvænlegu verkföllum, ógnandi yfir vofðu, og er auk þess upphaf meiri tíðinda.

Leyfi ég mér að þakka öllum, sem áttu að því hlut.

-----

Auðvitað koma menn misskemmdir úr vopnaviðskiptum kosninganna og auðvitað una menn misvel úrslitunum.

En þannig hefir þetta alltaf verið og verður í öllum kosningum. En því verða menn að taka, minnugir þess, að það er auðvitað sjálfur kjarni lýðræðisins, að minni hlutinn beygi sig fyrir réttum úrslitum að sínu leyti eins og enginn meiri hluti má gerast sekur um að



misbeita valdi sínu, að ekki sé nú nefnt að niðast á andstæðingunum. En sé hvorttveggja vel gætt á báða bóga, setti að mega vonna, að erjurnar líði hjá án þess að valda varanlegu tjóni.

Það er líka varla einleikið, ef við getum aldrei setið á sáttis höfði og þurfum alltaf að vera eigin böðlar. Það er rétt, að einhvern veginn höfum við þó sloppið fram að þessu. En hversu oft höfum við líka ekki verið komnir tæpt? Og hver segir að við eigum alltaf hjálpina vísa hversu gálauslega sem við förum að ráði okkar? Og hvar stöndum við ef bogalístin bregst? Og er nokkur ástæða til að tefla svona oft á tæpasta vaðið? Líður okkur kannske illa? Eru það við eða voru það feður okkar og mæður afar okkar og ömmur, er í fátækt, þrengingum og oft skortu ruddu brautinam sönnuðu að á Ísaköldu landi er hægt að hafa ísig og á, og gerðu svo rækilega, að þegar þeim sem á eftir komu, var veitt meiri menntun, betra viðurværi og fullkomnara tæki handa á milli, kom í ljós að í meðalárferði gáum við veitt okkur meira en flestar aðrar þjóðir. En þá kom því miður líka í ljós, að því meira sem við fengum, því meira heimtuðum við til viðbótar.

En þetta hefir hent fleiri en okkur. Þetta þendur flesta, en er kannske ekki eins dýga kennt og hjá okkur. Við erum nú einu sinni svona, til góðs eða ills. En sjómennirnir okkar ~~daga~~alíka að landi 10 fiska móti hverjum einum sem þeir skila sem næstir okkur ganga.

Á sviði efnahagsmála erum við lítt reyndir og vanþroska, ósínkir og stórtækir og lætur betur að afla en spara. Megum við víst vera þakklátir fyrir það út af fyrir sig, því enda þótt sparnaður sé miklu þýðingarmeiri en við gerum okkur grein fyrir, þá stendur þó enn í góðu gildi að við leysum séint miklar þarfir okkar fámennu þjóðar í þessu stóra landi, nema sækja vítt og djarft til fanga

af því kappi og þeim hörkudugnaði, sem þjóðinni er í blóð borinn.

-----

Við fáum stundum að heyra það Íslendingar, að viðséum drýldnir, stærilátir og fullir sjálfspótta. Má vera að eitthvað sé hæft í þessu og ekki skal ég aðla á þeirra hneigð. En það skal þó staðhæft, að sé þótti okkar full stór, er það Guðs þakkar vert hjá þeirri vesælu minnimáttarkennd, að Íslendingum sé helzt ekki ætlandi aðkomast í snertingu við nokkurn útlending, án þess að eiga á hættu að glata sjálfsvirðingu sinni og manndómi og jafnvel tungu og þjóðerni. Væri þó annað ætlandi 180 þúsund manna þjóð, sem á sér elsta Alþingi veraldarinnar, forseta, ríkisstjórn, hæstarétt, háskóla, afþeksmenn á ýmsum sviðum og jafnari og meiri almenn a menntun en margar aðrar þjóðir, sem þó eru taldar menningarþjóðir og eru það. Þetta er ekki sagt til að miklast at, heldur til að þagga miður óþjóðlegt vanmat og minnimáttarkennd gagnvart útlendingum og jafnframt að minna á, að okkur hefir verið svo mikið upp í hendur lagt, að það er skylda okkar að ávaxta það og auka og efla með því hag þjóðarinnar í nútíð og framtíð.

Háttvirtu hlustendur,

Ég vil enda þessi orð mín með tilvitnun í þessi fögru ummæli úr ræðu sem biskupinn yfir Íslandi, herra Sigurbjörn Einarsson, flutti á þessum stað á síðasta sjómannadegi.:



"Vér eigum ein og sömu örlög, erum eitt. Vér berjumst stundum hver við annan um dægurmál, skoðanir og stefnur, en í dýpri skilningi erum vér að stríða og starfa hver með öðrum og hver fyrir annan, stéttir og einstaklingar, eigum allir saman það, sem mestu sætir, þá harma, sem Ísland ber, þá gefu og sigra, sem Íslandi hlotnast".

Ræða, 17. júní 1963.

(Vísir, 18. júní 1963).